



FRÆÐSLA Á VEGUM GRUNNSKÓLADEILDAR

Endurmenntun í öndvegi

Samantekt 2020 - 2021

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Í startholunum 2020 - Endurmenntun í öndvegi í upphafi nýs skólaárs.....	4
Mánudagsfræðsla	5
Mánudagsfræðsla - ánægjukönnun	6
Lengri námskeið	8
Vikupóstar	10
Fjarfundir með árgöngum/faggreinum þvert á skóla	12
Gátlistar.....	13
Fjarnámshnappur á vef spjaldtölvuverkefnisins	13
Námsvefur grunnskóladeildar	13
Endurmenntun almennra starfsmanna grunnskóla Kópavogsbæjar	13
Í Startholunum 2021 - Endurmenntun í öndvegi í upphafi nýs skólaárs	14

Inngangur

Undanfarin ár hefur grunnskóladeild staðið fyrir starfsþróunar- og endurmenntunarnámskeiðum fyrir kennara í grunnskólum Kópavogs. Aðaláherslan hefur verið á námskeið sem haldin eru í ágúst áður en skipulagsdagar skólanna hefjast. Tekist hefur að hafa námskeiðsframboðið fjölbreytt svo það höfði til sem flestra kennara. Námskeiðin eru orðin þekkt meðal kennara bæjarins undir heitinu “[Í startholunum - endurmenntun í öndvegi í upphafi nýs skólaárs](#)” Eftir að Covid-19 kom til sögunnar hefur starfsfólk grunnskóladeildar þurft að aðlagja sig að breyttum aðstæðum og finna nýjar leiðir til að halda úti endurmenntun og starfsþróun kennara.

Auk endurmenntunarframboðs grunnskóladeildar hefur verkefnastjóri á grunnskóladeild verið í samstarfshópi SSH undanfarin ár um símenntun og starfsþróun kennara á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar um áherslur og námsskeið er að finna á [fræðslusíðu](#) hópsins

Hér á eftir verður gerð grein fyrir endurmenntun og starfsþróun kennara á vegum grunnskóladeildar skólaárið 2020 – 2021.

Í startholunum 2020 - Endurmenntun í öndvegi í upphafi nýs skólaárs

Námskeiðin [Í startholunum 2020](#) - voru undirbúin af mikilli bjartsýni eftir lokanir skóla og breytt skólastarf í kjölfar fyrstu bylgju Covid-19 á vorönn 2020. Í fyrsta sinn var námsframboðið sett fram rafrænt á vefsíðu sem sett var upp sérstaklega til að kynna námskeiðin og skráningar gengu vel.

Þegar ljóst var að önnur bylgja faraldursins var í uppsiglingu í ágúst var ákveðið að fresta námskeiðum og leita leiða til að halda námskeiðin á rafrænan máta.

Skráningin á ágústnámskeiðin fór fram um vorið og var eftirfarandi eftir skólum:

	Álfhólskóli	Hörðuvalla-skóli	Kársnesskóli	Kópavogs-skóli	Lindaskóli	Salaskóli	Smáraslóli	Snælands-skóli	Vatnsenda-skóli	Heildar-skráning
Snjallt skólastarf - heill dagur	12	19	10	12	9	11	17	10	12	112
Teymiskennsla - 2 dagar	0	11	8	3	2	1	7	1	0	33
Gerum ráð fyrir ADHD nemendum í skólastofunni	8	19	4	9	11	6	6	4	6	73
Nýir kennarar og spjaldtölvur	0	8	0	0	0	1	2	1	1	13
Vináttuverkefni Barnaheilla	0	0	0	1	0	0	0	1	0	2
Fjölmennningarlegur skóli - allir með	2	4	2	1	2	1	4	0	1	17
Unglingabækur í samtímanum	2	1	0	0	0	0	1	0	1	5
Gagnvirkur lestur	0	6	5	3	6	0	0	2	2	24
Einstaklingsáætlanir og eftirfylgd	5	10	11	7	4	3	5	1	3	49
Bekkjarstjórnun og hvetjandi námsumhv.	6	13	2	0	0	4	0	2	4	31
Velferð kennara	2	3	4	0	5	0	5	6	3	28
Út vil ek - Guðmundarlundur	0	3	5	0	2	4	0	2	1	17
Rafræn útikennsla - Guðmundarlundur	1	2	4	0	6	5	4	0	1	23
Bókmenntirnar og náttúruvísindin	0	0	1	1	0	0	1	0	3	6
Samtals:	38	99	56	37	47	36	52	30	38	433

Mánudagsfræðsla

Menntabúðir #kópmennt var með frátekin endurmenntunartíma í samstarfi við skólana á mánudögum milli klukkan 15:00 og 16:00. Ákveðið var að nýta þann tíma til [fjarfræðslu](#) og var dagskrá [Í startholunum 2020](#) lögð til grundvallar. Jafnframt voru sett upp lengri námskeið sem fram fóru á fimmtudögum.

Í fyrstu bylgju Covid-19 settu flestir grunnskólar upp námsvefi fyrir nemendur sína sem reyndust vel og tók grunnskóladeild það til eftirbreytni. Ákveðið var að setja upp námsvef fyrir endurmenntun kennara þar sem námskeið voru auglýst og skráning fór fram. Jafnframt var vefurinn nýttur til að halda utan um upptökur af kynningum og kynningarefni. Með því móti gátu kennarar sem ekki komust á fjarfræðsluna nýtt sér það og aðrir rifjað upp.

Framboð á rafrænni mánudagsfræðslu skólaárið 2020 - 2021 var mjög fjölbreytt eins og sjá má í eftirfarandi töflu. Flest námskeiðin, sem voru um klukkustundarlöng, voru tekin upp og í sumum tilfellum voru glærur settar inn á námsvef grunnskóladeildar þannig að bæði þátttakendur og þeir sem ekki höfðu tök á að sækja fræðsluna gátu horft á upptöku eða skoðað glærurnar. Misjafnt var eftir skólum hvernig skráning var á fjarkennsluna í rauntíma. Listi yfir námskeiðin og upplýsingar um aðsókn að námskeiðunum var með eftirfarandi hætti:

Mánudagsfræðslan í tölum <i>Mánudagur til menntunar</i>				
	Dags.	Fj. þátttakenda	Upptaka	Glærur
Læsisfimman	28.09.2020	62	x	x
Seesaw námsferilsbækur 1. hluti	05.10.2020	55	x	x
Lesblinda í skóla fyrir alla	12.10.2020	53	x	
Stærðfræðiþrennan	19.10.2020	40	x	x
Google verkfærin – 1. hluti byrjendur	02.11.2020	26	x	
Seesaw námsferilsbækur 2. hluti	09.11.2020	26	x	x
Að kenna orðaforða	16.11.2020	56		x
Seesaw námsferilsbækur 3. hluti	23.11.2020	22	x	x
Google verkfærin – 2. hluti byrjendur	30.11.2020	8	x	
Enn fleiri aðferðir við kennslu orðaforða	06.01.2021	22		x
Nearpod gagnvirkar glærur	11.01.2021	24	x	
Explain everything	18.01.2021	16	x	
Book Creator	25.01.2021	13	x	x
Mentor - námslotur	31.01.2021	50	x	
Mentor og Google Classroom	08.02.2021	47	x	
Samfélagsmiðlar og endurmenntun kennara	15.02.2021	17	x	
Fjölmennningarlegur námshópur	22.02.2021	29		x
Minni - Fjarmenntabúðir 1. - 5. bekkur	01.03.2021	0		
Minni - Fjarmenntabúðir 6. - 10. bekkur	08.03.2021	0		

Google Classroom fyrir lengra komna	15.03.2021	24	x	
Menningarlæsi - menningarnæmi	22.03.2021	23		x
Þykjó	12.04.2021	12	x	
Mussila	12.04.2021	13	x	
Sýn kennara á notkun iPad í skólastarfi og nokkur forrit	19.04.2021	43		
Vatnsdropinn	26.04.2021	17		
Evolytes	03.05.2021	38	x	
	Samtals	736		

Fjöldi skráninga var eins og sést hér að ofan 736 talsins en á bak við þær stóðu 241 starfsmaður. Í grunnskólunum starfa um 500 kennarar og því má segja að einn af hverjum tveimur hafi sótt fræðsluna. Starfsmenn grunnskóladeildar lögðu fyrir könnun um fjarfræðsluna meðal þessara 241 þátttakanda mánudagsfræðslunnar í lok skólaársins og hér á eftir verður farið yfir helstu niðurstöður.

Mánudagsfræðsla - ánægjukönnun

Efni mánudagsfræðslu

Þegar spurt var um hvort efni mánudagsfræðslunnar væri í samræmi við væntingar þátttakenda svöruðu 75% þeirra að efnið hafi verið í nokkuð góðu samræmi við væntingar þeirra eða nánast í fullkomnu samræmi (23%) og aðrir í nokkuð góðu samræmi (52,7%).

Auglýsing á mánudagsfræðslu

Þegar spurt var um hvort þátttakanda fannst framboð fræðslunnar vera nógu vel auglýst svaraði ríflega helmingur (52,7%) já, fullkomlega eða nær fullkomlega (31,1%). Alls (83,7%).

Virgni þátttakenda

Þegar spurt var um hvort fræðslan krefðist mikillar virkni af þátttakendum voru flestir hlutlausir.

Tímalengd mánudagsfræðslu

Þegar spurt var um tímalengd fræðslunnar þá svöruðu 52,7% að hún væri fullkomin, 32,4% nær fullkomin og 13,5% í meðallagi.

Tímasetning mánudagsfræðslu

Þegar spurt var um tímasetningu mánudagsfræðslunnar voru svörin mjög dreifð en þó fannst um helmingur svarenda tímasetningin fullkomin eða nær fullkomin. Huga þarf að því við skipulag í stundaskrá að sem flestir kennarar og helst allir komist á þessum tíma í fræðslu eða geti fengið sig lausa eftir kl. 15:00 á mánudögum.

24 (32,4%)	Fullkomin
22 (29,7%)	Nær fullkomin
19 (25,7%)	Hæfileg
5 (6,8%)	Ekki góð
4 (5,4%)	Alls ekki góð

Nýting efni fræðslunnar í starfi

Þegar spurt var um nýtingu fræðslunnar, töldu 86,4% þátttakenda fræðslan örugglega eða nær örugglega nýtast sér í starfi.

Helstu gallar

Lítill hluti svarenda, aðeins 23 af 241 svöruðu spurningunni um helstu galla fræðslunnar. Við getum lært af þeim ábendingum en spurningin var sett fram sem *opin spurning*.

Þátttakendum fannst erfiðara að halda einbeitingu. Níu aðilum fannst erfiðara að ná góðum umræðum og almennu spjalli en fjórir minntust á að finnast erfitt að hitta ekki aðra, eiga í samskiptum og mynda tengsl við aðra kennara (3). Minni stuðningur frá samstarfsfélögum á fjarfyrirlestrum var nefndur. Tveir minntust á að minna hefði verið um fyrirspurnir og að fólk væri meira til baka.

Hugmynd kom fram um að blanda aðferðum meira í endurmenntun og hafa fræðslu og heimsóknir með eftirfylgd. Aðrir gallar sem komu fram var að truflandi hefði verið að vera í skólastofunni sinni (man frekar að mæta ef ég á að fara út úr kennslustofu). Gagnrýni kom frá einstaka þátttakanda að fræðslan hafi verið lítið auglýst og að aðgengi að námsvef þurfi að vera auðveldara. Að lokum kom fram að skuldbinding þátttakenda hefði kannski verið ábótavant þegar ekki þurfi að mæta á staðinn.

Helstu kostir

Það er sannarlega áhugavert að sjá þá kosti sem þátttakendur töldu helsta. Þeir sem oftast voru nefndir má sjá í neðangreindri töflu, en í löngum lista af svörum sáust greinilega þessir flokkar svara. Rétt er að taka fram að einungis 91 þátttakandi af 241 svöruðu spurningunni sem var *opin spurning*.

Tímasparnaður	22	Hlusta og vinna í leiðinni	3
Enginn ferðatími	12	Kemst frekar/oftar	3
Auðveldara að mæta	10	Skilvirkni	2
Upptökur - sveigjanlegt áhorf	6	Sæki endurmenntun betur	2
Bílastæði	5	Óháð tíma	2
Fræðsla heima notaleg	5	Ódýrara	1
Gott / aukið aðgengi	5	Minni tafir	1
Minni fyrirhöfn	4	Val um fræðslu	1
Meiri líkur á þátttöku	4	Góð leið til að ná til fólks	1
Óháð stað	3	Alltaf jákvætt	1
Hlusta og vinna í leiðinni	3	Horfa saman og ræða	1

Þegar spurt var hvort þátttakendur mánudagsfræðslu vildu koma einhverju öðru á framfæri kom eftirfarandi samantekt í ljós:

- Meira svona!
- Takk fyrir fjölbreytt úrval námskeiða.
- Var að kenna og ganga frá kennslu á þessum tíma sem fræðslan er.
- Frábært og takk kærlega! Spennt fyrir komandi fræðslum.
- Gott að hafa svipað fyrirkomulag.
- Ég á erfitt með að meta fræðsluna vegna þess að ég var að kenna á mánudögum til kl. 15.30 þannig að ég gat illa tekið þátt eftir áramót. Fyrir áramót gat ég tekið þátt og gerði það nokkrum sinnum. Held að þessi fræðsla hafi í heild verið vel uppsett. Endilega haldið þessu áfram.
- Mér finnst þetta komið til að vera hvað endurmenntun varðar. Jafnvel þó aftur opnast á stað-fræðslu þá finnst mér að þetta megi vera í bland, ekki að fara alveg til baka í stað-fræðslu.
- Rock on og höldum áfram að þróast!
- Takk fyrir fræðsluna 😊
- Takk kærlega fyrir að setja þetta saman og vera með skemmtilega og áhugaverða fræðslu fyrir okkur.
- Of mikið tæknilegs eðlis, sakna kennslufræðilegrar verkefnavinnu sem hægt er að nýta áfram
- Ég sakna fræðslunnar, sem voru í skólunum. Það er svo frábært að hitta aðra kennara innan sveitarfélagsins;).
- Það mætti kenna á Bitsboard og fleiri slík forrit eins og gert var í Seesaw. Það var frábær kennsla í Seesaw. Mikill kostur að geta horft á upptökur eða glærur aftur. Einnig hef ég ekki séð kennslu í forritun fyrir unga nemendur.
- Er bara ánægð með þetta.
- Frábært fyrirkomulag að hafa rafræna fræðslu, væri gott að hafa staðfræðslu og rafræna fræðslu til skiptis.
- Fræðslur frá kennurum voru mjög góðar og umræðuvettvangurinn fyrir hvern árgang :)

Lengri námskeið

Nokkur námskeið voru skipulögð í fleiri en eitt skipti og samantekt á þeim upplýsingum má finna hér að neðan:

Lengri námskeið í tölum	
	Fj. þátttakenda
Drifkraftur deildarstjóra	17
Skólaforðun - fyrstu viðbrögð	98
ADHD	93
Fjármálalæsi fyrir kennara ungmenna	13

Teymiskennsla	30
Samtals:	251

Námskeiðinu **Drifkraftur deildarstjóra** var ætlað að styrkja deildarstjóra í starfi. Um var að ræða fræðslu og þjálfun í að beita vinnubrögðum og verkfærum til að leiða kennara í sinni deild. Markmið með námskeiðinu var að það nýttist deildarstjórum í grunnskólum sem best. Námskeiðið var undirbúið og kennt af leiðbeinendum frá Þekkingarmiðlun og fór fram í gegnum Zoom forritið sem býður upp á möguleika til að skipta þátttakendum í minni hópa. Námskeiðið var haldið í fjögur skipti, þrjár klukkustundir í senn kl. 09:00 - 12:00 sem hér segir:

- Jafningjastjórnun 14. janúar 2021 Umsjón Eypór Eðvarðsson.
- Erfið starfsmannamál 28 jan. 2021 Umsjón Eypór Eðvarðsson
- Að vinna með ólíkum persónuleikum 12. feb. 2021 Umsjón Eypór Eðvarðsson
- Tímastjórnun 26. feb. 2021 Umsjón Ingrid Kuhlman

Námskeiðið **Skólaforðun - fyrstu viðbrögð** var haldið með eftirfarandi markmið í huga:

Að fagfólk í grunnskólum

- þekki viðmið Kópavogsbæjar um viðbrögð við skólasóknarvanda
 - þekki algengar orsakir skólasóknarvanda
 - fái fræðslu um kvíða og skólaforðun
 - styrkist í samstarfi við foreldra og samstarfsaðila
 - tileinki sér leiðir til að takast á við vandann s.s. viðtalstækni til að nýta í viðtölum við nemendur og foreldra
 - geri samninga við nemendur um mætingu, umbunarkerfi tengd mætingu
 - læri á kvíðastiga þar sem tekist er á við skólaforðun í hæfilegum skrefum, aðlögun náms og stundatöflu
- Jafnframt var litið til þess að eftir námskeiðið þekktu þátttakendur ýmis önnur úrræða sem hægt er að nýta með skóla þegar vægari leiðir duga ekki s.s. fjarkennsla, sjúkrakennsla og morgunhana.

Námskeiðið fór fram sem fyrirlestrar í fjarkennslu fjóra fimmtudaga á vorönn 2021:

- 14. janúar kl. 14 -16 - viðmið Kópavogsbæjar um viðbrögð við skólasóknarvanda, algengar orsakir skólasóknarvanda, samstarf við foreldra og samstarfsaðila, viðtalstækni til að nýta í viðtölum við nemendur og foreldra og aðlögun náms og stundatöflu. Umsjón: Sólveig Norðfjörð, verkefnastjóri skólaþjónustu grunnskóladeildar.
- 28. janúar kl. 14 -16 – Fræðsla um kvíða og skólaforðun, stig kvíða þar sem tekist er á við skólaforðun í hæfilegum skrefum. Umsjón: Erlendur Egilsson skólasálfræðingur í Hörðuvalla- og Kársnesskóla.
- 11. febrúar kl. 14 -16 - Matslistar um skólaforðun, samningar við nemendur um mætingu og umbunarkerfi tengd mætingu. Umsjón: Margrét Birna Þórarinsdóttir sálfræðingur á Sálstofunni.

- 25. febrúar kl. 14 -16 - morgunhanar, fjarkennsla og sjúkrakennsla. Umsjón: Bergþóra Þórhallsdóttir UT verkefnastjóri grunnskóladeildar og Kristín Skjaldardóttir félagsráðgjafi í barnavernd.

Námskeiðinu **Gerum ráð fyrir nemendum með ADHD í skólastofunni** var ætlað að:

- auka skilning kennara á ADHD nemendum og þörfum þeirra.
- styðja við kennara við þróun fjölbreyttra kennsluhátta og aðferða svo skólinn verði betur í stakk búinn til að koma til móts við þarfir ADHD nemenda.
- skapa kennsluumhverfi í almennum skólastofunni sem henta ADHD nemendum.
- bæta og auka faglegt samstarf, samvinnu og samræður kennara.
- styðja kennara við að nota leiðir UT-tækni til að aðlagja námsumhverfi að ADHD- nemendum.

Vegna Covid-19 gátu einstaka skólar pantað 2ja klukkustunda fyrirlestra, eftirfylgd og stuðning. Tveir skólar óskuðu eftir að fá kynningu fyrir sitt starfsfólk, Álfhólsskóli og Lindaskóli.

Grunnskóladeild bauð upp á námskeið í **fjármálalæsi** fyrir kennara á unglingastigi í samvinnu við Fjármálavit. Markmiðið er að kynna aðgengilegar kennsluaðferðir í fjármálalæsi og veita kennurum innblástur í kennslu. Bókin „Fyrstu skref í fjármálum“ var lögð til grundvallar og fengu þátttakendur bókina að gjöf fyrir sig og nemendur sína.

Kennari námskeiðsins var Kristján Arnarson grunnskólakennari sem hefur kennt stærðfræði í Hagaskóla til fjölda ára. Kristján hefur einnig komið að verkefnum um eflingu fjármálalæsis í grunnskólum og samið námsefni því tengdu.

Námskeiðið **Teymiskennsla - stuðningur við kennarateymi** var skipulagt á eftirfarandi hátt:

- 1.hluti- almennt um kennarateymi og teymiskennslu
- aðkoma aðila með sérþekkingu á teymiskennslu
- 2.hluti – Teymið mitt, unnið með einstök teymi
- aðkoma Þórhildur Helga Þorleifsdóttir kennsluráðgjafi
3. hluti – Skipulagning teymiskennslunnar
- aðkoma, kennarar úr Lindaskóla Elsa Sif Guðmundsdóttir og Paloma Ruiz Martinez ásamt Þórhildi Helgu Þorleifsdóttur
4. hluti –Eftirfylgni, teyimum sem þess óska býðst áframhaldandi handleiðsla og stuðningur frá kennsluráðgjafa menntasviðs og öðrum er koma að kennslu námskeiðsins.

Vegna COVID-19 þurfti að breyta þessu námskeiði þannig að haldið var 2ja daga námskeið fyrir kennara á yngsta stigi í Kársnesskóla (16 klst.) og þeir fengu síðan handleiðslu og stuðning á föstum fundum yfir skólaárið í 20 klst., samtals 36 klukkustundir. Þá var einnig haldið eins dags námskeið í Smáraskóla (8 klst.) og 10 klst. handleiðsla í boði yfir skólaárið, samtals 18 klukkustundir.

Vikupóstar

Verkefnastjóri upplýsingatækni í skólastarfi hefur gefið út rafrænt [fréttabréf](#) vikulega frá því í janúar 2020. Þau komu að góðum notum í fjarvinnu frá skóla og sem tenging grunnskóladeildar við stjórnendur og kennara grunnskólanna. [Vikupóstarnir](#) nýttust til umfjöllunar um það sem hæst bar á góma hverju sinni með fréttum úr skólastarfi, kynningu á framboði á endurmenntun og kynningum á

forritum og ábendingum um notkun þeirra í skólastarfinu. Verkefnastjóri UT notast við forritið Smore til að vinna vikupóstana og getur þannig séð hversu margir opna fréttabréfið.

Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir útgáfudaga vikupóstanna frá 23. janúar 2020 til loka skólaársins 2021, helstu efnistök og hversu margir opnuðu útgáfuna.

Vikupóstur - vikuna - helstu efnistök skólaárið 2020 - 2021		Fjöldi sem opna
08. júní 2021	Samráðsgátt, endurmenntun og sumarstarfsmenn	42
01.júní 2021	Í startholunum, orðaforðakennsla og öll börnin okkar	49
25. maí 2021	Viðurkenningar og allt, allt um kring	77
18. maí 2021	Hæfnimiðað lokamat, stafræn borgaravitund og áhættumat appa	71
11. maí 2021	Lokaspretturinn	30
4. maí 2021	Vorverkin, Mussila, Evolytes, kennslumyndbönd og rökhugsun	60
27. apríl 2021	Gleðilegt sumar!	38
20. apríl 2021	Google Bingó, Bergur Ebba og sjálfbærnimenntun á unglingastigi	78
13. apríl 2021	Hreyfing, útivera, fjársjóðsbækur og nudd	19
7. apríl 2021	Listgreinar og þverfagleg, skapandi vinna	98
25. mars 2021	Hugmyndir fyrir heimilin	1120
23. mars 2021	Smá súkkulaði - (vikupóstur glataðist)	0
16. mars 2021	Stafræn hæfni	54
10. mars 2021	Viðurkenningar, matsrannsókn, menningarläsi og menningarnæmi	104
2. mars 2021	Krjúpa - skýla - halda	79
23. febrúar 2021	Fjarmentabúðir	56
17. febrúar 2021	Valgreinar	76
9. febrúar 2021	Við erum alltaf að læra	79
2. febrúar 2021	Foreldrasamtöl	128
26. janúar 2021	Utanumhald náms	208
13. janúar 2021	BettFest, BookCreator og Grænskjár	92
8. janúar 2021	Að útskýra allt	81
9. desember 2020	Tölvupóstur og námskeið	135
3. desember 2020	Litlu jól	135
24. nóvember 2020	Aldursviðmið og bekkjarsáttmálar	96
17. nóvember 2020	Skilvirkni	168
10. nóvember 2020	Fjölbreytni og samþætting	145
5. nóvember 2020	Kennsla hugtaka í íslensku	101
20. október 2020	Fjarnám og pappír	102
13. október 2020	Net-menntabúðir, Google fræðsla og auglýsingar í öppum	114
6. október 2020	Blandað nám og Námsvefur grunnskóladeildar	195
29. september 2020	Mennska og tækni	170
22. september 2020	Fjarviðburðir	130
15. september 2020	Tilkynningarhappur, jafningjafræðsla og menntabúðir	149
8. september 2020	Foreldrakynningar	139
1. September 2020	Forgangur verkefna	212
25. ágúst 2020	Skólabyrjun á óvissutímum	186

Hér fylgja einnig upplýsingar um vikupósta á vorönn 2020, en verkefnastjóri í UT hjá grunnskóladeild tók til starfa í janúar 2020.

22. maí 2020	Molar og stafræn borgaravitund	55
15. maí 2020	Ég get, Samantektir, samþætting námsgreina, skráning í valgreinar	129
8. maí 2020	Vorið kemur heimur hlýnar. Útikennsla og tækni, skipulag fjarnáms	166
30. apríl 2020	Vorverkin og upplýsingatæknin	143
24. apríl 2020	Gleðilegt sumar! Fjarfundir skóla og árganga auglýstir	367
17. apríl 2020	Aftur af stað	272
3. apríl 2020	Hugmyndir fyrir heimilin í páskaeyfi, fjarfundir og fjarnámsvefir	143
3. apríl 2020	Hugmyndir fyrir heimilin	681
27. mars 2020	Fjarfundir vikunnar, góð ráð o.fl.	121
13. mars 2020	Menntabúðir frestast, Fjarráðgjöf og fjarkennsla fyrir kennara og skólastjórnendur, Gátlistar	364
4. mars 2020	Covid-19 19 smitast ekki í gegnum tæknina, Google classroom, Seesaw o.fl.	219
28. febrúar 2020	Stafræn borgaravitund, fjarkennslumöguleikar skoðaðir	58
21. febrúar 2020	Þakkir fyrir þátttöku í menntabúðum, viðmið um appnotkun	46
14. febrúar 2020	Menntabúðir	84
7. febrúar 2020	Mat á breyttum kennsluháttum og kaup á öppum	65
31. janúar 2020	Mat á breyttum kennsluháttum og áhersla í starfi UT verkefnisstjóra framundan	46
23. janúar 2020	Verkefnisstjóri á menntasviði	64
Opnanir vikupósta samtals:		7839

Fjarfundir með árgöngum/faggreinum þvert á skóla

Á tímum heimsfaraldurs stóð grunnskóladeild fyrir nokkrum fjarfundum fyrir kennara árganga og faggreinakennara þvert á skóla og einstaka kennarahópa. Fundirnir voru hugsaðir sem jafningjastuðningur milli skóla og að veita kennurum ráðgjöf í upplýsinga- og samskiptatækni. Í mars ári eftir að faraldurinn skall á með fullum þunga auglýsti deildin [Minni-Fjarmenntabúðir](#), annars vegar fyrir 1. – 5. bekk og hins vegar fyrir 6. – 10. bekk viku síðar. Fjarfundastofum var síðan skipt niður eftir árgöngum. Engin dagskrá var auglýst önnur en að kennarar gátu þarna hist á fjarfundi úr öllum skólum og borið saman bækur og lært hver af öðrum. Fundarstjórar voru með tilbúnar spurningar til að leiða umræðuna af stað. Lítil sem engin skráning var á þessar fjarmenntabúðir. Samkvæmt samtölum við einstaka kennara og tölvuumsjónarmenn í kjölfarið má leiða að því líkum að kennarar hafi verið komnir, á þessum tímapunkti, að ákveðnum þolmörkum í fjarfundahaldi og um leið líka komnir með gott aðgengi að þeim björgum sem þeir þurftu í síbreytilegu starfsumhverfi á óvissutímum.

Gátlistar

Eitt af því fyrsta sem gefið var út til stuðnings í viðbrögðum við takmörkuðu skólahaldi voru [gátlistar](#) fyrir skólastjórnendur, kennara, sérkennara, list- og verkgreinakennara, ísat-kennara og náms- og starfsráðgjafa. Gátlistarnir voru númeraðir í útgáfuröð. Útgáfa þeirra var send á skólastjóra og þeir birtir á fjarnámshnappi á upplýsingatæknivef deildarinnar, www.spjaldtolvur.kopavogur.is

Fjarnámshnappur á vef spjaldtolvuverkefnisins

Opnuð var undirsíða á vef spjaldtolvuverkefnisins þar sem hagnýtt efni til fjarnáms og kennslu var lagt fram. Vísað var í efnið í vikupóstum verkefnisstjóra UT í skólastarfi og á fjarfundum með kennurum. Nú hefur efni [fjarnámshnappsins](#) verið flutt á námsvef grunnskóladeildar.

Námsvefur grunnskóladeildar

Á tímum takmarkaðs skólastarfs brugðu nokkrir skólar á það ráð að opna námsvef fyrir nemendur sína þar sem þeir og foreldrar þeirra gátu sótt kennsluáætlanir, verkefni og hugmyndir að hreyfingu og tómstundum. Grunnskóladeild tók þessa skóla sér til eftirbreytni og opnaði [námsvef](#) fyrir endurmenntun grunnskóladeildar. Fyrst um sinn var vefurinn hugsaður sem utanumhald fjarfræðslu sem vera átti á endurmenntunardögum í ágúst. Þegar á hólminn var komið sá deildin fleiri möguleika með útgáfu veflægs aðgangs að endurmenntun og úr varð vefur sem heldur utan um lengri og skemmri fræðslu ásamt fylgigögnum og upptökum, ásamt [fjarfundum](#) og umfjöllun um verkefni sem hlotið hafa [Kópinn](#) – viðurkenningu Menntaráðs. Ljóst er að námsvefur grunnskóladeildar er kominn til að vera, en huga þarf að því hvar eigi að staðsetja hann í samhengi við annað sem deildin er með veflægt og opið.

Að auki heldur grunnskóladeild úti tveimur öðrum opnum vefsíðum, annars vegar fyrir [spjaldtolvur í skólastarfi](#) og hins vegar vef með stuðningsefni fyrir kennara sem kenna [nemendum með annað móðurmál en íslensku](#).

Endurmenntun almennra starfsmanna grunnskóla Kópavogsbæjar

Til að efla enn frekar endur- og símenntun annarra starfsmann grunnskólans en kennara skipulagði menntasvið miðlæg námskeið fyrir almenna starfsmenn grunnskóla s.s. skólaliða, stuðningsfulltrúa, ritara, húsverði og matreiðslumenn.

Skipulögð voru fjögur námskeið dagana 5. og 6.ágúst síðastliðinn í Kópavogsskóla, Samskipti við börn í skóla fyrir alla, Spjaldtolvur í skóla- og frístundastarfi, Skyndihjálparnámskeið og Góður vinnufélagi í sterkum hópi. Fella þurfti niður námskeiðið Samskipti við börn í skóla fyrir alla. Á þátttökulista voru alls 147 starfsmenn grunnskólanna, en 104 þeirra sóttu einhver námskeiðanna þriggja sem haldin voru, eða 71%.

Þátttakan var best í námskeiðinu Góður vinnufélagi í sterkum hópi, eða 88%, þá tóku 75% þátt í Skyndihjálparnámskeiði og 69% í námskeiðinu Spjaldtolvur í skóla- og frístundastarfi.

Rafrænt námskeiðsmat var lagt fyrir þátttakendur þar sem þeir voru spurðir að því hvernig þeim líkaði námskeiðin, hvernig þeim líkaði leiðbeinendur námskeiðanna og hvort þeir teldu að námskeiðin myndu nýtast þeim í starfi. Þá var spurt í lokin hvort þátttakendur hefðu áhuga á fleiri námskeiðum til að efla sig í starfi og þá hvaða námskeiðum. Svarhlutfall könnunarinnar var 31%.

68% svarenda voru mjög sammála eða sammála um að námskeiðið Spjaldtölvur í skóla- og frístundastarfi hefði verið gott og 68% mjög sammála eða sammála um að kennarar námskeiðsins hefðu verið góðir. Þá voru 64% mjög sammála eða sammála því að þeir teldu að námskeiðið nýttist þeim í starfi.

Mikil ánægja var með skyndihjálparnámskeiðið, en 100% svarenda voru mjög sammála eða sammála um að námskeiðið Skyndihjálpar hefði verið gott, að kennari námskeiðsins hefði verið góður og að þeir teldu að námskeiðið nýttist þeim í starfi.

96% svarenda voru mjög sammála eða sammála um að námskeiðið Góður vinnufélagi í sterkum hópi hefði verið gott og 92% mjög sammála eða sammála um að kennari námskeiðsins hefði verið góður. Þá voru 92% einnig mjög sammála eða sammála því að þeir teldu að námskeiðið nýttist þeim í starfi.

Margir komu með tillögur að fleiri námskeiðum til að efla sig í starfi. Námskeið um samskipti við börn og um sérþarfir barna voru nefnd, einnig verkfærakista frá KVAN ásamt námskeiði um samvinnu, samstarfi og samskiptum við vinnufélaga svo eitthvað sé nefnt.

Í Startholunum 2021 - Endurmenntun í öndvegi í upphafi nýs skólaárs

Síðastliðið voru ágústnámskeiðin undirbúin og gert ráð fyrir því að geta haldið námskeiðin í raunheimum þar sem búið var að bólusetja alla eða a.m.k. flesta kennara og starfsmenn grunnskóla. Þegar Covid-19 lét á sér kræla aftur í lok sumars var ákveðið að halda námskeiðum til streitu en þó með því að gæta ýtrustu sóttvarna og minnka hópa eins og hægt var. Hópar voru endurskipulagðir og í sumum tilvikum voru námskeiðin tvísetin vegna góðrar aðsóknar. Námskeiðin voru haldin í Lindaskóla dagana 11. - 13. ágúst og tókst að halda flest námskeiðin en þremur námskeiðum var frestað vegna forfalla umsjónarmanna/kennara námskeiðanna. Þau verða haldin síðar í vetur enda reynsla af mánudagsfræðslu góð. Tvö námskeið voru felld niður vegna ónægrar þátttöku. Í heildina var mætingin nokkuð góð miðað við aðstæður. Nokkrir kennarar afboðuðu sig vegna þess að þeir áttu eftir að fá aukaskammt af bóluefni og nokkrir vegna þess að bólusetning fór fram á þeim tíma sem námskeið voru haldin. Aðrir vildu bæta sér á skráningarlista þar sem þeir höfðu ekki skráð sig í vor.

Taflan á næstu síðu sýnir framboð á þeim námskeiðum sem haldin voru í ágúst 2021, skráningu á námskeiðin og raunmætingu frá hverjum skóla fyrir sig.

Samantekt á þátttöku á ágústsnaðskeyðum grunnskóladeildar Kópavogs 2021

	Álfhóllsskóli		Hörðuvallaskóli		Kársnesskóli		Kópavogsskóli		Lindaskóli		Salaskóli		Smáarskóli		Snælandsskóli		Vatnsendaskóli		Heildarskráning	Raunmæting	Hlutfall mætttra miðað við
	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir			
Töfrandi heimur -skapandi náttúrufræðináð	0	0	0	0	3	1	4	4	0	0	4	4	2	2	0	0	3	2	16	13	81%
Málþroskaröskun	11	9	2	1	5	3	7	5	2	3	2	1	4	4	2	1	7	6	42	33	79%
Íþróttakennarinn og nám fyrir alla	3	3	4	3	2	0	0	0	1	1	2	2	2	0	0	0	1	0	15	9	60%
Einstaklingsáætlanir og eftirfylgd, samstarf kennara	5	4	15	10	13	9	12	12	7	7	3	1	9	8	3	2	6	5	73	58	79%
Nemendur og ábyrg netnotkun	1	1	3	1	3	2	1	0	2	0	1	0	2	1	1	1	0	0	14	6	43%
Námsferilmöppun og nemendasjálfsæði	6	3	5	3	0	0	2	1	1	0	0	0	1	0	2	1	0	0	17	8	47%
Vinnustofa í gerð kennslumyndbanda	0	0	1	1	2	1	0	0	1	1	0	0	0	0	0	0	2	0	6	3	50%
Google í skólafarfi	3	3	3	0	6	4	1	1	0	0	1	0	5	2	2	1	3	1	24	12	50%
Nemendur með röskun á einhverfurófinu	11	9	11	6	8	4	9	7	2	2	4	0	7	6	4	3	2	2	58	39	67%
Unglingabækur í samtímanum	2	2	2	1	0	0	1	0	1	0	0	0	0	0	2	2	2	2	10	7	70%
Kvíði nemenda	14	6	9	4	10	4	4	1	18	11	5	3	8	6	2	1	4	4	74	40	54%
Vellíðan nemenda - verkefnabanki	5	1	1	1	3	2	4	3	9	7	4	3	5	4	3	1	3	2	37	24	65%
Bókin og skapandi kennsla	3	1	2	1	4	3	5	5	4	1	0	0	2	1	1	1	1	1	22	14	64%
Einstaklingsmiðað nám í sérdeildum/sérúrræðum	11	7	6	4	3	1	5	1	2	1	4	1	4	2	2	2	5	4	42	23	55%
Út vil ek	7	5	2	0	11	8	2	1	2	1	1	1	1	1	1	0	0	0	27	17	63%
Rafræn útikennsla	5	4	1	0	5	5	1	1	3	2	1	1	2	2	0	0	0	0	18	15	83%
Samtals:	87	58	67	36	78	47	58	42	55	37	32	17	54	39	25	16	39	29	495	321	65%
Hlutfall mætttra miðað við skráningu		67%		54%		60%		72%		67%		53%		72%		64%		74%		65%	